

Þriðjudaginn 5. nóvember 1991.

Nr. 55/1990. **Hreiðar Sigmarsson**

(Atli Gíslason hrl.)

gegn

Sveini Kristjánssyni

(Árni Halldórsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. febrúar 1990 að fengnu leyfi lögum samkvæmt 25. janúar s.á. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að kröfu áfrýjanda verði hafnað og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Seyðisfjarðar 10. maí 1989 kl. 14.00. Þá var mætt af hálfu stefnda og lögð fram stefna, greinargerð og þrjú fylgiskjöl. Af hálfu áfrýjanda var ekki mætt, og var málið dómtekið að kröfu stefnda. Sama dag kl. 15.30 mætti áfrýjandi á bæjarþinginu og kvaðst hafa verið mættur kl. 14.00 á þingstað, en setið frammi og beðið þess að vera kallaður fyrir réttinn. Hann kvaðst mótmæla því, að málið hefði verið dómtekið á þeim forsendum, að hann væri ekki mættur. Haft var samband við lögmann stefnda, sem samþykkti að gefa áfrýjanda frest til 31. maí 1989 til framlagningar greinargerðar. Málið kom til meðferðar þann dag, og var þá bókað:

„Lögmaður stefnanda, Árni Halldórsson hrl., er mættur í réttinum.

Þá mætir í réttinum stefndi, Hreiðar Sigmarsson. Hann kvaðst hafa haft samband við Adolf Guðmundsson lögfræðing, sem ætlaði að taka að sér vörn í málinu fyrir sig. Árni Halldórsson hrl. kvaðst hafa talað við Adolf Guðmundsson lögfræðing, og hafi hann talað um, að kröfugerð í málinu væri rétt. Stefndi kveðst hafa mótmæli fram að færa, þar sem stefnandi hafi gefið upp allt aðrar tölur,

áður en hann hóf verkið, heldur en hafi orðið lokatölur. Dómari gætti leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart stefnda, sem er ólög-
lærður.

Stefndi féllst á, að málið yrði dómtekið, eftir að dómari hafði
tjáð honum, að hann gæti fengið lokafrest í viku til að leggja fram
greinargerð af sinni hálfu.“

Dómur var síðan kveðinn upp í málinu 9. júní 1989 á grundvelli
framlagðra skjala og skilríkja, eins og segir í dómsforsendum, og
þar sem þau voru talin í samræmi við dómkröfur stefnanda í héraði,
voru þær teknar til greina að öllu leyti.

Eins og að framan greinir, mótmælti áfrýjandi kröfum stefnda
í þinghaldi 31. maí 1989. Hvorki kemur fram, að sátta hafi verið
leitað né að fallið hafi verið frá að flytja málið munnlega. Skrif-
legur málflutningur var ekki ákveðinn. Meðferð héraðsdómara var
þannig í andstöðu við ákvæði 109. gr. laga um meðferð einkamála
í héraði nr. 85/1936, sbr. 14. gr. laga nr. 54/1988. Ber þegar af
þeirri ástæðu að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og meðferð máls-
ins frá og með þinghaldi 31. maí 1989 og vísa málinu heim í hérað
til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða áfrýjanda
málskostnað fyrir Hæstarétti, sem telst hæfilega ákveðinn 30.000
krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með 31. maí
1989 eru felld úr gildi, og er málinu vísað heim í hérað til lög-
legrar málsmeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Stefndi, Sveinn Kristjánsson, greiði áfrýjanda, Hreiðari
Sigmarssyni, 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Seyðisfjarðar 9. júní 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. maí 1989, er höfðað fyrir bæjarþinginu
með stefnu, birtri fyrir stefnda sjálfum á heimili hans að Botnahlíð 29,
Seyðisfirði, miðvikudaginn 2. maí 1989, til greiðslu skuldar, að fjárhæð
872.507 kr., með áföllnum dráttarvöxtum af stefnufjárhæðinni frá 1. júlí
1988 til greiðsludags, eins og þeir hafa verið og verða ákveðnir af Seðla-
banka Íslands skv. III. kafla laga nr. 25/1987 um vexti, reiknuðum á 12

mánaða fresti skv. 12. gr. laganna, auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, þar með 12% sérstakur söluskattur af málflutningsþóknun skv. II. kafla laga nr. 68/1987.

— — —

Stefndi sótti þing 10. maí sl., er málið var þingfest, og fékk frest til framlagningar greinargerðar til 31. maí 1989. Er málið var tekið fyrir 31. maí sl., mætti stefndi og féllst á dómstöku málsins á grundvelli framlagðra gagna án mótmæla. Málið er því dæmt á grundvelli framlagðra skjala og skilríkja, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 107.599 kr.

Dóminn kvað upp Lárus Bjarnason.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hreiðar Sigmarsson verkstjóri, Botnahlíð 29, Seyðisfirði, kt. 070637-3329, greiði stefnanda, Sveini Kristjánssyni, 872.507 kr. með áföllnum og áfallandi dráttarvöxtum af stefnufjárhæðinni frá 1. júlí 1988 til greiðsludags, eins og þeir hafa verið og verða ákveðnir af Seðlabanka Íslands, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987 um vexti, reiknuðum á 12 mánaða fresti skv. 12. gr. laganna, og 107.599 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
